

Allsherjarnefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

5. apríl 1993

Reykjavík,

Umsögn um frumvarp til skaðabótalaga, 326. mál.

Stjórn Neytendasamtakanna hefur fjallað um frumvarpið og gerir eftirtaldar athugasemdir:

1.  
Í 4.gr. er ekki gert ráð fyrir að greiða bætur fyrir varanlegan miska, þegar hann er metinn minni en 5%. Er þá gert ráð fyrir að hér verði lögð til grundvallar svokölluð læknisfræðileg örorkumöt (töflumöt) sbr. athugasemdir við 4. gr. Kemur þar fram að sem dæmi um varanlegan miska, sem ekki sé talinn ná 5% lágmarkinu, megi nefna minni háttar lýti, svo sem lítið andlitsör, sem ekki sé áberandi. Ekki verður séð að rök séu til að fella alveg niður bætur í svona tilvikum.

2.  
Í 6.gr. er nú gert ráð fyrir að bætur skuli meta til fjárhæðar, sem nemi 7.5 földum árslaunum tjónþola, sbr. 7.gr., margfölduðum með örorkustigi. Þetta er hækkun úr 6 földum árslaunum í fyrra frumvarpi og tengist hækkunin þeim breytingum sem gerðar hafa verið á lækkunarreglum 9.gr. eftir aldri. Með þessu ákvæði er verið að búa til reiknireglu fyrir útreikning örorkutjónsins, sem koma skal í stað núgildandi reglna. Í núgildandi reglum er leitast við að reikna út raunverulegt tjón (verðmæti á slysdegi) miðað við örorkustig og það sem eftir er starfsævi. Í sjálfu sér er allt í lagi að búa til reiknireglu um þetta að hætti frumvarpsins. En slík regla verður að hafa það meginmarkmið að bæta reikniverulegt fjártjón á grundvelli þeirra gagna sem frumvarpið ráðgerir (mats um örorkustig skv. 5.gr.). Ekki verður betur séð ne reikniregla frv. um að nota 7.5 föld árslaun feli í sér verulega lækkun bóta frá því sem vera myndi með núgildandi aðferðum, þ.e.a.s. aðferðum sem miða að því að reikna út raunverulegt tjón, þó að tekið sé fullt tillit til þess að nú á ekki að draga frá greiðslur frá þriðja manni.


3.  
Í 7.gr. er áætlað að miða útreikning tjóns við tekjur næstliðins árs fyrir þann dag er tjón varð. Þessi aðferð kemur í stað þess sem nú tíðkast, að miða við meðaltekjuöflun þriggja síðustu ára. Samngjarnari niðurstaða er að allir fái sömu upphæð í bætur, ef þeir hafa orðið fyrir eins áverka. Þá hverfur skiptiung tjónþola í tvo flokka, tekjulausa og fólk með tekjur, og sama staðalreglan gildir um alla. Meðferð mála verður einfaldari. Tjón er unnt að gera upp jafnskjótt og áverkamat liggur fyrir. Ekki þarf að kanna tekjur tjónþolans og vafatilvik á mörkumhinna tveggja flokka hverfa. Þetta er einföld og eðlileg nálgun að hinum óþekkta mismun. Slík regla er í anda jafnaðar.

Þótt bætur séu staðlaðar, er ekki það með sagt að engin frávik megi heimila. Þannig getur staðið á að mönnum þyki augljóst að hinn slasaði verði fyrir meira tjóni en almennt gerist af sama áverka. Þar má nefna fólk sem hefur aflað sér mikillar sérhæfingar á þröngu sviði og verður að gefa það á bátinn, eins og píanóleikare sem missir fingur. Enn fremur menn sem hafa háar tekjur og sannanlega tapa þeim. Þess vegna þarf að vera í lögum ákvæði á þá leið að heimilt sé að víkja frástaðalbótum, ef sannað er að tjónþoli hafi orðið fyrir meira tjóni (eða minna) en almennt gerist af sama áverka, Ef til vill má hafa efri mörk, t.d. þannig að viðbót skuli aldrei vera meiri en hálfar staðalbætur.

4.

Athugasemdir eru gerðar við ákvæði 8.gr. þar er gert ráð fyrir að örorkubætur til barna og tjónþola, sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur, skuli ákveða á grundvelli miskastígs skv.4.gr. og bætur ákveðst sem hundraðshluti af bótum fyrir varanlegan miska. Ekki verður séð hvaða rök mæli með því að miða örorkubætur til þessara tjónþola við reglur um miska. Hér sýnist mega meta örorkustig á sama hátt og hjá öðrum tjónþolum og ákveða bætur eftir sömu staðalreglum og tjónþola með tekjur, þar sem ekkert er auðveldara að meta tjón einstaklings af völdum slyss sem hefur atvinnutekjur heldur en einstaklings sem er tekjulaus.

Virðingarfyllt  
f.h. Neytendasamtakanna

  
Johannes Gunnarsson, formaður